




Nýlegur gígur við Sirenum Fossae

Gígurinn sem hér sést virðist tiltölulega ungur, þar sem hann hefur skarpan barm og efnisslettur sem hafa varðveist vel. Í hlíðunum eru giljadrög og hugsanlega eru endurteknar hlíðarrákir í þeim hlíðum sem snúa að miðbaug. Í nýlegum gígum eru brattar hlíðar gjarnan virkar, svo við fylgjumst náið með þessum gíg í leit að breytingum yfir tíma.